

Stjórnarfundur 21. janúar 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir og Einar Gíslason.

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

2. Hundaræktarfélag Íslands

Hundaræktarfélagi Íslands sótti um að leigja TM Reiðhöllinni undir sýningu sína dagana 22. – 24. febrúar nk. Reiðhöllin var bókuð fyrir Gæðingafimi í Meistaradeild æskunnar sunnudaginn 24. febrúar. Í samráði við forráðamenn Sprettis var ákveðið að Sprettur tæki þetta eina mót Meistaradeildarinnar og Fákur HRFÍ sýninguna.

3. Líflandsmótið

Líflandsmótið hefur verið fært yfir á sunnudaginn 14. apríl þar sem það skaraðist við kvennatöltið í Spretti laugardaginn 13. apríl. Æskulýðsnefndin er samþykkt þessari breytingu.

4. Íslandsmót á Fákssvæðinu

Enn hefur Fákur ekki fengið skriflega staðfestingu á að tillaga frá síðastliðnu landsþingi LH um að Íslandsmót 2019 verði haldið á Fákssvæðinu, hafi verið samþykkt af stjórn LH. Einar hefur þegar sent ítrekun á LH vegna þessa.

5. Opnun/lokun TM Reiðhallar

Stjórn Fáks samþykkir samhljóða að þeir félagsmenn sem taka reglubundið að sér að loka og læsa reiðhöllinni á kvöldin og um helgar fái greitt fyrir þá þjónustu.

6. Reiðveganefnd

Hjörtur og Dagný, formaður reiðveganefnar, funduðu með umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þar sem rætt var um Elliðaárdalinn. Ekki er enn útséð hvað verður um hesthúsin í neðri Fák og það því enn á huldu hvað verður gert varðandi reiðleiðina í gegnum Elliðaárdalinn sem tekin var burt. Rætt um lýsingu frá gömlu brúnni að stíflunni.

Annar fundur er svo boðaður 22. janúar sem Einar og Hjörtur munu mæta á þar sem rætt verður um skipulag á heiðunum; Hólmsheiði, Reynisvatnsheiði og Grafarheiði.

7. Reiðskólar og hestaleigur

Yfirfara þarf samninga við reiðskólana og senda bréf á forráðamann Reiðskólans í Faxabóli um framtíðarsýn hans á samstarfi við Fák.

Taka þarf viðræður við forráðamenn hestaleiganna á Fákssvæðinu um aðstöðugjöld fastari tókum og klára það mál. Einar og Leifur fara í það. Stjórn Fáks vill þannig tryggja að jafnræðis sé gætt milli þeirra atvinnugreina sem nýta sér sameiginlega aðstöðu Fákssfélaga.

8. Kröfur vegna félagsgjalda 2018

Enn er nokkuð um útistandandi kröfur vegna félagsgjalda síðasta árs. Þessar kröfur verða felldar niður áður en greiðsluseðlar verða sendar út fyrir árið 2019. Rætt um hvernig best sé að koma upplýsingum til fólks um ávinninginn sem felst í því að vera félagi í Fák; snjómokstur, viðhald á völlum og reiðvegum osfrv.

AS. KB

9. Fræðslunefnd

Rætt um verkefni fræðslunefndar og mögulega kandidata til að veita þeirri nefnd formennsku.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.

ASin.

J. Benediktsson